

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Dalvíkurbyggð.

Breyting á deiliskipulagi Hóla- og Túnahverfis, Hringtún 5.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti 6. maí 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hóla- og Túnahverfi á Dalvík.

Breytingin tekur til lóðar nr. 5 við Hringtún og felur í sér að lóðin er stækkuð til suðurs um 0,5 m og byggingareitur stækkar um 3,6 m til suðurs og fylgir lóðarmörkum. Forsenda breytingarinnar er áform um byggingu bílageymslu.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2020 og öðlast hún þegar gildi.

Dalvík, 20. júlí 2025.

María Markúsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 15. ágúst 2025